

## Hverfisnefnd brekku og innbæjar Fundargerð 41. fundar

### Fundarmenn:

Elín Auður Ólafsdóttir  
Jens Kristinn Gíslason (JKG)  
Katrín Hólm Hauksdóttir  
Sigmundur Kr. Magnússon

### Dagskrá fundar:

1. Deiliskipulagsgerð fyrir Norður-Brekku neðan Þórunnarstrætis  
Rætt var um þær tillögur sem kynntar voru á íbúafundi 5. nóvember s.l. JKG upplýsti að formaður skipulagsnefndar hafi óskað eftir fundi með hverfisnefndinni um málið. Ákveðið var að verða við óskinni, JKG tók að sér að semja um fundartíma.
2. Tillögur íbúðingis á Hamarkotstúni  
Farið var í yfir þær tillögur sem lagðar voru fram á íbúðingum á Hamarkotstúni, sem haldið var í tengslum við Akureyrarvöku 30. ágúst s.l.  
Ákveðið var að taka saman tillögurnar í greinargerð sem fylgir fundargerðinni.

Ritað: JKG

**Hjálagt:** Greinargerð um niðurstöður íbúðingis á Hamarkotstúni

## Hverfisnefnd brekku og innbæjar Greinargerð um íbúáþing á Hamarkotstúni

Hverfisnefnd Brekku og Innbæjar efndi til íbúáþings á Hamarkotstúni 30. ágúst 2014. Tilgangurinn var að skapa vetvang fyrir íbúa hverfanna til að koma hugmyndum sínum um hvað betur mætti fara í hverfunum á framfæri. Þessi greinargerð er tekin saman í þeim tilgangi að koma þeim tillögum sem fram komu á framfæri við bæjarráð.

Akureyrarstofa og hverfisnefndirnar stóðu fyrir lautarferðum í tengslum við Akureyrarvöku. Íbúáþingið var haldið við það tækifæri. Íbúáþingið var auglýst í Dagskránni og var ágætlega sótt, en um 50 manns mættu til þings. Þó nokkur umræða vaknaði um málefni hverfisins almennt, en þó sérstaklega um Hamarkotstún. Skriflegar tillögur voru allnokkrar og hér er gerð grein fyrir þeim. Þá fylgir greinargerðinni kort af Hamarkotstúni, þar sem sjá má myndræna samantekt hverfisnefndar á flestum tillögum sem komu fram um betrumbætur á túninu.

1. Margar tillögur komu fram um fjölgun bekkja og borða á Hamarkotstúni. Þá voru allmargir sem óskuðu eftir því að grillaðstaða væri bætt.
2. Nokkrir íbúar bentu á að listaverkið "Harpa bænarinna" eftir Ásmund Sveinsson, sem staðsett er austarlega á Hamarkotstúni, er lítið áberandi og erfitt að njóta þess frá öllum hliðum. Hér er þeirri tillögu varpað fram að Harpa bænarinna verði sett á mitt torgið á miðju Hamarkotstúns, svo það fái að njóta sín betur.
3. Tillögur komu fram um að stækka torgið á miðju Hamarkotstúns.
4. Margir höfðu skoðanir á gróðri á Hamarkotstúni, flestum þótti hann of mikill og þéttur, ýllirinn nefndur sérstaklega í því samhengi. Þá komu fram ábendingar um að grasslætti hafi verið ábótavant síðustu ár.
5. Þó nokkrir íbúar óskuðu eftir því að vatn fengi sinn sess á Hamarkotstúni í einhverju formi. Bæði komu fram hugmyndir um gosbrunna og tjarnir.
6. Allmargar tillögur komu fram um aðstöðu til íþróttaiðkunar á Hamarkotstúni, þá voru mest áberandi tillögur um hjólabraut (s.k. "pump-track") og hjólabrettapalla, en einnig komu fram hugmynd um strandblakvöll og líkamsræktartæki.
7. Hugmyndir komu fram um bættu aðstöðu til samkomuhalds á Hamarkotstúni, t.d. með aðgengi að rafmagni á túninu og jafnvel lítið svið.
8. Einn íbúi hverfisins vildi koma þeirri skoðun sinni á framfæri að engu þurfi að breyta í hverfinu (brekkunni), þar sé allt eins og það á að vera.

Hverfisnefndin þakkar íbúum fyrir þátttökuna og góðar ábendingar, með von um að þær nýtist Akureyrarbæ í framtíðinni.

Hverfisnefnd Brekku og Innbæjar.